

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Ólafi Þór Gunnarssyni um samninga um rannsóknir á lífsýnum erlendis.

1. *Hversu margir samningar um rannsóknir á lífsýnum í tengslum við heilbrigðisþjónustu hafa verið gerðir við einkaaðila eða opinbera aðila*
 - a. á Norðurlöndum,
 - b. í öðrum EES-ríkjum,
 - c. í öðrum ríkjum en greinir í a- og b-lið?

Ráðuneytið kallaði eftir upplýsingum frá öllum heilbrigðisstofnunum heilbrigðisumdæma, Landspítala og Sjúkrahúsini á Akureyri. Í gildi eru tveir samningar um rannsóknir á lífsýnum í tengslum við heilbrigðisþjónustu, einn hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins á Norðurlöndum og einn hjá Landspítala við annað EES-ríki.

2. *Hvaða fjárhæðir eru undir í þessum samningum? Óskað er eftir sundurliðun eftir því hvort samningar eru við einkaaðila eða opinbera aðila og sundurliðun eftir ríkjum, sbr. 1. tölul.*

Samkvæmt upplýsingum frá Landspítala var kostnaður vegna sýna sem rannsökuð voru erlendis árið 2020 eftirfarandi:

- a. Einkaaðilar: 125 millj. kr.
 1. Á Norðurlöndum: 67 millj. kr.
 2. Í öðrum EES-ríkjum: 49 millj. kr.
 3. Í öðrum ríkjum en greinir að framan: 9 millj. kr.
- b. Opinberir aðilar: 65 millj. kr.
 1. Á Norðurlöndum: 59 millj. kr.
 2. Í öðrum EES-ríkjum: 3 millj. kr.
 3. Í öðrum ríkjum en greinir að framan: 3 millj. kr.

Samkvæmt upplýsingum frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins var gerður samningur um rannsóknir á leghálssýnum við Amager og Hvidovre Hospital, sem er opinber stofnun, með þátttöku Sjúkratrygginga Íslands í febrúar í vetur. Áætlanir gera ráð fyrir að greiðslur vegna þessara rannsókna nemi um 80 millj. kr. árið 2021. Samningurinn er til þriggja ára.

3. *Er til áætlun um flutning slíkra rannsókna til Íslands?*

Ákjósanlegt er að rannsóknir og greining sýna fari fram hér á landi, að því gefnu að faglegar og fjárhagslegar forsendur séu fyrir hendi. Í svörum Landspítala kemur fram að ávallt sé stefnt að því að flytja rannsóknir á lífsýnum til Íslands þegar hægt er að framkvæma þær hérlendis á öruggan og hagkvæman hátt.